

Ár, 1995, fimmtudaginn 7. september, var Kjaradómur settur að Kalkofnsvegi 1, Reykjavík og haldinn af Þorsteini Júlíussyni, Hólmi Friði Árnadóttur, Jóni Sveinssyni og Magnúsi Óskarssyni.

#### Fyrir var tekið:

**Að fjalla um hæfi eins dómara til þeirrar launaákvörðunar sem nú liggur fyrir dóminum að taka.**

Hinn 24. ágúst sl. fjallaði Kjaradómur, að frumkvæði eins dómenda, Guðrúnar Zoega, um tengsl launa hennar sem borgarfulltrúa við laun alþingismanna og hvort hún kynni að vera vanhæf til ákvörðunar um þingfararkaup af þeim sökum. Var fallist á ósk hennar um að víkja sæti í dóminum "við ákvörðun um laun alþingismanna og annarra er þeirri ákvörðun tengjast" eins og segir í bókun dómsins. Upp er kominn ágreiningur um skilning á þessari bókun. Snýst ágreiningurinn um það hvort viðkomandi dómari sé einungis vanhæfur til ákvarðanatöku um laun alþingismanna og ráðherra, sem jafnframt eru alþingismenn, eða hvort vanhæfið nái til þeirrar almennu launaákvörðunar sem fyrir dóminum liggur að taka um laun allra þeirra er undir hann falla. Er óhjákvæmilegt að taka ágreiningsefni þetta til úrskurðar. Var nú kveðinn upp í því svofelldur

#### ú r s k u r ð u r:

Kjaradómur hefur ákveðið að taka til heildarúrskurðar grunnlaun allra þeirra er undir hann heyra. Guðrún Zoega er vanhæf til að fjalla um laun alþingismanna, þar eð hún, sem borgarfulltrúi tekur laun sem hlutfall af þingfararkaupi.

Alþingismenn eru meiri hluti þeirra aðila sem heildarúrskurður Kjaradóms tekur nú til. Grundvöllur að slíkum úrskurði hlýtur að varða alla er um verður fjallað.

Þar sem Guðrún Zoega er vanhæf til að fjalla um laun alþingismanna leiðir það til þess að hún er jafnframt vanhæf til þess að fjalla um þann launagrundvöll sem heildarákvörðun dómsins nú hlýtur að byggja á.

#### ú r s k u r ð a r o r ð:

Guðrún Zoega er vanhæf til þátttöku í þeim heildarúrskurði sem nú liggur fyrir Kjaradómi að taka.

*Stagnó Blarinn*  
*Þorsteinn Júlíussyni*  
*Jón Sveinssyni*  
*Hólmi Friði Árnadóttur - saf hjó*  
*vrt afgreiðslu málans.*